

Fimmtudaginn 21. september 1989.

Nr. 269/1988.

Haraldur Jóhannsson

(sjálfur)

gegn

Byggðastofnun og

Framkvæmdasjóði Íslands

vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins

(Jónatan Sveinsson hrl.).

Ómerking ummæla. Aðild. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Máli þessu hefur áfrýjandi skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. ágúst 1988. Gerir hann þær dómkröfur, að ummæli, sem fram koma í bréfi forstöðumanns áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Ólafssonar, til sín, dagsettu 3. febrúar 1977, verði dæmd ómerk, en ummælin eru rakin í héraðsdómi.

Áfrýjandi gerir og þær dómkröfur, að forsendur dómsins og dómsorð verði sérstaklega birt í fjölmiðlum á kostnað stefndu.

Af hálfu stefndu, Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands, er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða hvorum stefnda fyrir sig hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, starfaði áfrýjandi hjá áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, en samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 97/1976, um þá stofnun, var hlutverk þeirrar deildar að gera áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og heildarþróun atvinnulífsins. Átti hún og að gera áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

Samkvæmt 5. og 6. tl. 3. gr. ofan nefndra laga skyldi stjórn Framkvæmdastofnunar fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs, sbr. V. og VI. kafla laganna.

Með 23. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, voru felldir úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976 og önnur ákvæði þeirra laga,

sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála. Samkvæmt 14. gr. laganna tók Byggðastofnun við öllum eignum Byggðasjóðs svo og skuldbindingum sjóðsins. Hlutverk Byggðastofnunar er í lögum þessum skilgreint svo, að hún eigi að stuðla að þjóðfélagslega hagræmri þróun byggðar í landinu, fylgjast með þróun byggðar og gera eða láta gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins, sbr. 2. og 3. gr. laganna.

Með 12. gr. laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, voru lög nr. 97/1976 í heild sinni felld úr gildi. Samkvæmt 4. gr. laga þessara skyldi sjóðurinn taka við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976 svo og skuldbindingum þeirra. Hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt 2. gr. laganna er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila, sem þess óska.

Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið rakið, verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að viðtaka stefndu á réttindum og skyldum Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi verið takmörkuð við skýrt afmarkaða þætti og nái ekki til þess þáttar í starfsemi hennar, er áfrýjandi tengdist. Þegar af þeirri ástæðu geta stefndu ekki átt aðild að máli þessu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum skriflegum málflutningi 10. desember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1987, af Haraldi Jóhannssyni, nnr. 3779-5070, Mánagötu 11, Reykjavík.

Stefndu eru Byggðastofnun, nnr. 1108-6462, og Framkvæmdasjóður Íslands, nnr. 2367-6330, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, báðir vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins, nnr. 2367-6354.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að eftirfarandi ummæli, sem fram komu í bréfi forstöðumanns áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Ólafssonar, til stefnanda, dags. 3. febrúar 1977, verði dæmd dauð og ómerk:

„Með bréfi þessu er þér veitt skrifleg áminning fyrir eftirfarandi:

1. óreglulegan vinnutíma á degi hverjum þá daga, sem þú á annað borð kemur til vinnu,

2. ómæld leyfistaka langt umfram eðlileg ársleyfi samkvæmt samningum og það oft án nokkurs samráðs við yfirmann.

...Hegðan þín í starfi var tekin til umræðu á fundi með forstjórum og framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunar ríkisins 13. janúar 1977, og er áminning þessi rituð með fullu samþykki forstjóra.“

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur, að forsendur dómsins og dómsorð verði sérstaklega birt í fjölmiðlum á kostnað stefndu.

Stefnda Bygðastofnun gerir þær kröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi Framkvæmdasjóður Íslands gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum til dæmdur hæfi-legur málskostnaður að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið ráðinn hagfræðingur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins í nóvember 1973. Hafi sér í fyrstu verið falið að meta áhrif lækkunar innflutningstolla á íslenskan iðnað, miðað við notkun vinnuafis í iðnfyrirtækjum. Því verki hafi hann lokið snemma sumars 1975. Þá hafi sér verið falið að semja í senn spá um notkun mannafla í íslenskum iðnaði 1975 - 1979 og yfirlit yfir stöðu iðngreina, sem ekki eiga í beinni samkeppni við útlendan iðnað. Vænst hafi verið, að stefnandi lyki því verki í lok sumars 1977, og það hefði hann án vandkvæða gert, ef sér hefði ekki verið vikið úr starfi, eins og glögglega sjáist af úttekt á starfi sínu 21. júní 1977, undirritaðri af Tómasi H. Sveinssyni viðskiptafræðingi fyrir hönd stofnunarinnar. Samkvæmt þeirri úttekt hafi greinargerðir stefnanda, samdar fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, numið samtals 1252 blaðsíðum auk meðfylgjandi 610 síðna af töflum, samtals 1862 blaðsíður. Telji stefnandi því ásakanir þær, sem fram komi í hinum tilgreindu ummælum, víðsfjarri réttu lagi og ærumeiðandi fyrir sig. Þá telji hann, að ummælin hafi mjög staðið sér fyrir þrifum sem starfandi hagfræðingi, og sé því nauðsynlegt að fá ummælin ómerkt.

Stefnandi kveðst hafa eftir brottreksturinn úr starfi í Framkvæmdastofnun ríkisins höfðað mál gegn stofnuninni hér fyrir bæjarþinginu og krafist

bóta. Máli því hafi lokið með sátt á þá leið, að sér hafi verið greidd 18 mánaða laun og innistandandi orlofsfé. Um það leyti hafi hann búist við, að sér yrði vandalaust að fá starf sem hagfræðingur annars staðar, og þess vegna ekki hirt um að fá ærumeiðandi ummæli forráðamanna stofnunarinnar dæmd ómerk með dómi. Annað hafi hins vegar komið á daginn. Fjölmörgum umsóknum sínum um starf hafi verið synjað, m.a. hjá Orkustofnun, Verðlagsstofnun, Húsnæðismálastofnun og nú síðast í haust 1987 hjá Þjóðhagsstofnun. Hyggi hann, að því hafi valdið málsatvik við brottrekstur sinn úr starfi í Framkvæmdastofnun ríkisins, en í því tilliti sé ekki höfuðatriði, hvort valdið hafi bein umsögn forráðamanna í stofnuninni og arftökum hennar eða orðspor eitt. Þess vegna höfði hann meiðyrðamál þetta og krefjist ómerkingar umsagnar stofnunarinnar um sig, en hins vegar ekki fjárbóta.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og 2. mgr. 241. gr. sömu laga. Hann bendir og á, að með lögum nr. 64/1985 og 70/1985 hafi Bygðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands tekið við öllum réttindum og skyldum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 97/1976, sýni ótvírætt, að Bygðasjóður hafi verið felldur inn í Framkvæmdastofnun ríkisins, sbr. 1. gr., 6. málslíð 3. gr., 3. málslíð 10. gr., 1. málslíð 11. gr., 32. gr. og 35. gr. Í lögum um Bygðastofnun, nr. 64/1985, sé í 14. gr. kveðið á um óskilyrta viðtöku Bygðastofnunar á skuldbindingum Bygðasjóðs.

II.

Stefnda Bygðastofnun styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hin tilvitnuðu ummæli séu úr bréfi, sem Helgi Ólafsson, þáverandi framkvæmdastjóri áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, hafi ritað og sent stefnanda einum 3. febrúar 1977. Framkvæmdastofnun ríkisins hafi þá starfað samkvæmt lögum nr. 97/1976 og verið sjálfstæð stofnun, er heyrði beint undir ríkisstjórnina, sbr. 1. og 3. mgr. 1. gr. nefndra laga. Stofnunin hafi starfað í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Eitt af verkefnum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi verið að fara með stjórn Bygðasjóðs, en hlutverk hans hafi verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir færu í eyði. Framkvæmdastofnun ríkisins hafi verið lögð niður með lögum nr. 64/1985, um Bygðastofnun, og lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 64/1985 sé Bygðastofnun sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyri beint undir forsætisráðherra, og sé hlutverk hennar að

stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu, sbr. 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 14. gr. laganna hafi Byggðastofnun tekið við öllum eignum Byggðasjóðs og skuldbindingum. Á þeim tíma, sem framkvæmdastjóri áætlanadeildar hafi ritað stefnanda framangreint áminngarbréf, hafi stefnandi verið starfsmaður áætlanadeildar. Skuldbindingar stjórnar Framkvæmdastofnunar og ummæli framkvæmdastjóra áætlanadeildar í nefndu bréfi til starfsmanns áætlanadeildar séu því Byggðastofnun með öllu óviðkomandi. Með engu móti verði talið, að Byggðastofnun hafi tekið á sig aðrar skuldbindingar en þær, er í 14. gr. laga nr. 64/1985 greinir og bundnar eru við Byggðasjóð.

Í öðru lagi er því haldið fram, að tilvitnuð ummæli séu hvorki óviðurkvæmileg né ósönn, og því eigi 241. gr. almennra hegningarlaga ekki við. Stefndi hafi ekki aðhafst í málinu fyrr en með stefnu 2. júlí 1986, og sé það tómlæti. Þá sé krafa um birtingu fyrnd, sbr. 82. gr. alm. hgl.

III.

Stefndi Framkvæmdasjóður Íslands styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Stefndi hafi verið stofnaður með lögum nr. 70/1985, en áður hafi gilt um sjóðinn 5. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Í 4. gr. núgildandi laga um stefnda segi: „Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs skv. lögum nr. 97/1976 svo og skuldbindingum þeirra.“ Ljóst sé af þessu ákvæði, hvaða réttindum og skyldum stefndi hafi tekið við úr hendi Framkvæmdastofnunar ríkisins, og með gagnályktun megi ljóst vera, að stefnda hafi ekki verið ætlað að taka við öðrum eignum eða skyldum. Réttindi og skyldur áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem stefnandi hafi starfað í, hafi ekki verið tilgreind með þeim réttindum og skyldum, sem núverandi Framkvæmdasjóði Íslands sé ætlað að mæta, og sé því ljóst, að stefndi geti ekki verið í fyrirsvari fyrir atvik eða atburði, sem rekja megi til áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Telji stefndi, að stefnanda hafi borið að beina málshöfðun að forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar, enda hafi Framkvæmdastofnun ríkisins heyrt beint undir ríkisstjórnina alla.

Í öðru lagi sé byggt á því, að krafa stefnanda sé fyrnd. Samkvæmt 81. gr. laga nr. 19/1940, 1. tl. 1. mgr., fynnist sök á tveimur árum, þegar ekki liggi þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða ef refsing sú, sem unnið sé til, fari ekki fram úr sektum.

Loks bendir stefndi á, að ummælin í bréfinu til stefnanda 3. febrúar 1977 verði ekki talin meiðandi út af fyrir sig, heldur einungis, ef stefnanda tekst að sanna með ótvíræðum hætti, að ekki hafi verið efnisleg stoð fyrir þeim staðhæfingum, sem í bréfinu greinir. Þetta hafi stefnandi ekki gert með gögnum í máli þessu.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var tekið fram, að stofnunin starfaði í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Af 1. mgr. og 3. mgr. sömu greinar má ráða, að Framkvæmdastofnunin hafi verið sjálfstæð stofnun, sem heyrði beint undir ríkisstjórnina. Stefnandi starfaði í áætlanadeild, og ritaði framkvæmdastjóri þeirrar deildar stefnanda áminningarbréf um vinnutíma og leyfistökur stefnanda, dags. 3. febrúar 1977. Af gögnum málsins má ráða, að stefnandi hafi síðan hætt störfum í stofnuninni í júlí 1977.

Stefnda Bygðastofnun tók við öllum eignum og skuldbindingum Bygðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976 með 14. gr. laga nr. 64/1985, og stefndi Framkvæmdasjóður Íslands tók við eignum og skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs með 4. gr. laga nr. 70/1985. Þessir sjóðir og starfsemi þeirra voru skýrt afmörkuð í lögum nr. 97/1976, og verður að fallast á með stefndu, að þeir hafi ekki tekið á sig önnur réttindi og skyldur Framkvæmdastofnunar ríkisins en greinir í hinum tilvitnuðu lagaákvæðum. Stefnandi hefur því ranglega beint kröfu sinni að stefndu í máli þessu, og verður krafa þeirra um sýknu vegna aðildarskorts þegar af þeirri ástæðu tekin til greina.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Bygðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Haralds Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.